



Reykjavík, 17. maí 2019  
SFS2019010155  
162. fundur  
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs  
Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi vinnuástöðu starfsfólks Gufunesbæjar***

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, 22. janúar 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu lengi starfsfólk Gufunesbæjar á að hafa vinnuástöðu í gámum. Leyfi var veitt til eins árs fyrir gámum, mun það verða endurnýjað ? Eins þá er óskað eftir svörum við því hvað á að gera við gamla Gufunesbæinn sem nú stendur auður.*

**Svar:**

Í Gufunesbæ, sem var staðsettur í gamla bænum í Gufunesi, greindist mikill raki og loftgæðavandi og er búið að flytja starfsemina sem þar var í skrifstofugáma á svæði rétt við gamla bæinn. Sú staðsetning er tímabundin lausn og fyrir liggja óskir um uppbyggingu á svæðinu fyrir starfsemi Gufunesbæjar. Haustið 2017 var kynnt, í skóla- og frístundaráði, skýrsla með tillögum að uppbyggingu á Gufunesbænum og útivistarsvæðinu þar í kring. Framtíðarsýn varðandi aðstöðu Gufunesbæjar er ekki ljós og sú aðstaða sem útivistar- og frístundamiðstöðin býr við núna er ekki viðunandi. Óskað hefur verið eftir viðbótarhúsnæði (skrifstofugámum) til að þjónusta útivistarmiðstöðvarinnar hafi viðunandi aðstöðu til að sinna hlutverki sínu, það er mikilvægt að sú viðbót komi nú í sumar. Óskir þess efnis hefur verið send til umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Skóla- og frístundasviði hafa ekki borist upplýsingar um hvað á að gera við gamla Gufunesbæinn.